

Sorpurðun Vesturlands hf
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

20. nóvember 2025
UOS2501532/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28. ágúst 2025 – ID 23

Þann 28. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf., Fíflholti. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirliti.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Við skil ársyfirlits, vantaði inn skráningar á niðurstöðum vöktunar hauggass. **Eftir eftirlit, þann 18. september skilaði rekstraraðili inn niðurstöðum sem upp á vantaði. Fráviki er lokið.**
2. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Í mælingu ársins 2023, mældust gildi á ammóníum yfir viðmiðunarmörkum (mælt = 5,75 mg/L, viðmiðunargildi = 0,5 mg/L) og nitrít (mælt = 2,53 mg/L, viðmiðunargildi = 0,5 mg/L) í grunnvatnsbrunni neðan urðunarstaðar (sjá umfjöllun í meginmáli skýrslunnar).
3. Frá gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila árlega ársyfirliti með öllum skráningaatriðum sem koma fram í starfsleyfi vegna innra eftirlits og niðurstöður vöktunar, ásamt umhverfisupplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. **Rekstraraðili skilaði þeim til Umhverfis- og orkustofnunar þann 23. júní sl. Fráviki er lokið.**
4. Frá gr. 5.5 í starfsleyfi og varðar að virða tímafrest við skil á skráningum, þ.e. 1.maí vegna skráninga er varða undangengið almanaksár. **Rekstraraðili skilaði þeim til Umhverfis- og orkustofnunar þann 23. júní sl. og hauggasskráningum þann 18. september sl. Fráviki er lokið.**

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 11. desember 2025.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri í teymi eftirlits